Þar landsetar mínir á Egg og Egilsholti hafa í Sumar, 1837,
framar venju, látið sig í ljós með að vilja útfæra — eða mis-
brúka það byggingar leifi, sem þeir frá mjer haft hafa, til
beitar Búsmala sínum á Borgareyju, þá álýt eg skyldu
mína að upplýsa það Efni með eptirfylgjandi Línum,
einkum til að fyrirbyggja misskilning á orðum mínum:

Með mörgum Documentum og enn lifandi Manna við-
förnum Vitnisburðum verður sannað: að Borgarey hefur
fylgt Flugumýri í nockur Árhundruð, og síðan, eða fyrr-
um Hólastól verið ímsum ljeð, sosem: að Frostastöðum, Egg, og
Egilsholti, fyrir víst Eptirgjald, og þar á móti verið eptirgefið
í landskuld Flugumýrar ábúandanum, síðan Stóllin hætti
að hafa þar sjálfur Bú. — Eins af Frú sál: Steinunni Arnórs
dóttur. Eins og mjer, síðan Flugumýri eignaðist; en, alldrei
nema til Sambeitar með þessari minni Jörðu. Svoleiðis
hefir eg þ: þar landsetar mínir áttu að hlutast ljeð hana
árlega, hjer á parti; en, alldrei byggt með nefndum Jörðum,
fyrr Þorbergi sál: í Egilsholti — og Jóni Syni hans á Egg,
með því þeir verði hana fyrir framandi hrossum öðrum en
mínum, hvörjum eg áskildi þar frí a gaungu og hyrðingu
af þeim, og hafði opt nærfellt 20 stremjur; en, Eptirgjald
þeirra var til samans 6. Sauðir veturg: eða þeirra Virði.
Þegar Ásleifur var kominn að Egg, Thomas að Rein, og Einari
í Egilsholti fækkuðu skepnur, ljeði eg Ásleifi hana,
fyrir 3. Sauði, Thomasi ditto fyrir 1. Sauð, þar han gat ej notað
hjer hana, nema fyrir hross sín, og máske, geldar Sauð-
kindur haust og vor, en, Einari ditto fyrir 2. Sauði, því Mál-
nyta hans fækkaði, sem sagt, og öllum með vanalegum
Skilmálum, átti Einar að hafa vörslu og hyrðingu &c:
og enn þessi Ár hafði eg þar stremjur mínar með fleirra
móti. Útfallið af þessu mun hljóð bert vorðið, og þó
hross mín nær til Helminga fækkuð, næstl: Ár.

Nú, næstliðið fardaga Ár, þan 6ta Decembr. byggði eg
Bónda Sgr. Guðmundi Eyjúlfssyni Flugumýri, "að fráskildum
"Hjáleigunum og þeim Parti af Borgareyunni, sem nockur undan
"farin Ár hefur verið einungis til Sambeitar burtu ljeður" ditto
byggði eg hreppstjóra Sgr. Jóni Bjarnasyni Egilsholt þan 28da Ja-
nuarii með sömu Skilmálum, en fyrri Vorinu á, nema að
han góðfúslega, fyrir eitt mæli mín, bætti 3. ám við sig til
Innstæðu; og hönum var innvir einn, af mjer "leigð Borgarey
"hálf, hjer á parti, fyrir Búsmala sinn og brúkunar hross til beitar,

„med þeim Skilmálum: að hann hafi alla Umsjón fyri Meðferð og
„vörslu á henni, samt þeirra á Egg og Keinbúandi, eftir Tiltölu rettri
„framað Söndum sína Tíjð" Þetta hafa báðir antekið og undir-
skrifað; einasta nefndum Sgr. Jóni sagðir Eftirgjalds Skilmálarn-
ir, eða leigu uppsagðir, sem á að vera 3. Sauðir eftir Eyjuna
sjálfa, eða þeirra fulla Andvirði; þá meir gleymdist það
að tilfæra í Bréfið, og hann vissi að svo hafði verið.

Þessir 3. Landsetar mínir, nl: Sgr. Jón, Ísleifur og Tho-
mas verða því að láta sér nægja þessa mína hjer og áður
skrifaða Ráðstöfun, ef ei á verr að fara. Hefir eg
einganu Myndugleika til, að taka það nú aftur frá einni
minni Jörðu og leggja til annarar, án Allrahæsta
Leifis. Sjáum! Flugumýri, 100ᵗ, seldur, og hefur
sínum tíunda þúnga að svara, skildi frá henni tak-
ast eða seljast svo mikið Land sem Borgarey er, gæði hún
að setjast niður, og þær Jarðir aftur upp, sem nánnir
sjerðu, og sem við misti bæði Prestakallið og hreppur
töluvert; Eg hefi og byggt Flugumýri rett sem Mann-
dýrara, hefði eg ei viljað láta standa mín áður gjörð
Ummæli, er einga Hefð kunna að vinna eður orðsaka; hefði
eg og getað verið búin að koma Byggingu á Borgarey,
hefði mér ei sýnst, að mögandi Landsetar mínir, á áður-
nefndum Hegranessbkotum, hefðu við það liðið, já!
selt Egilsholt dýru verði, hefði eg viljað nockurn Mann
takdraga. Hvað Eftirgjald Eyjarinnar áhrærir, þá at-
hugi ædur nefndir Menn: hvört þeir hafa 3. vikna Vel-
stöðu gagn af Borgarey eða ekki?

Hvyskap má ei kinn á Eyjunni hafa! því þar af
fylgdi Varsla og Hrossa Rekstur, fram á Eiriksnes og
Grákollu Hólma, þaðan þau leggðu annað hvört í Flugu-
mýrar Engi eður Vallna, og af þessu orsakast óvild og
Tufstningar Mönnum og Skepnum til Skaða; þar um
Ísaldar, Álftagerð, og Fjarðar Erkju, er að eiga við
Flugumýrar Ábúandann, þar aldrei hefur verið
tiltekið nema um Sambeit, og að friða Álftagerði, og
þetta fyri nockrum árum, vegna sína orsaka.

Hvað þá Sambeit með Flugumýrar Ábúandanum á Borgar
Eyju framað Söndum frá nefndum, sem þeim Sgr. Jóni Bjarnasyni,
Ísleifi Bjarnasyni, og Thomasi Guðmundssyni, er ljeð, að-

Tiltölu rettri, í Tillyti til Eptirgjalds síns og Efna Viðkomenda,
og settað ásamt Vörn Eyjarinnar fyrir óviðkomandi Peníngi, er falið
Hreppstjóra Sgr. Jóni Bjarnasyni. ut supra.

Flugumýri þann 30ᵗᵃ Septembr. 1837. [illegible]